

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 204/1987, um menntun, réttindi og skyldur sjúkrannuddara.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, er orðist svo:

Ráðherra getur fram til 31. desember 1989 veitt íslenskum ríkisborgurum, sem sóttu um leyfi fyrir 1. janúar 1988, en fengu synjun, ótakmarkað starfsleyfi að fenginni umsögn landlæknis, enda leggi þeir fram vottorð læknis/lækna um að þeir hafi stundað sjúkrannud í 3 ár samfellt fyrir 1. maí 1987.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. gr. laga nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. maí 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að Skipholt austan Nóatúns verði aðalbraut, að því undanskildu að umferð á Skipholt víki fyrir umferð á Nóatúni.

Ákvörðun þessi tekur gildi 5. júlí 1989.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 2. júní 1989.

Böðvar Bragason.